

Afreks - og viðurkenningasjóður Norðurlands

Reglur um úthlutun styrkja.

1. grein

Sjóðurinn heitir Afreks- og viðurkenningasjóður Norðurlands.

2. grein.

Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldu- og þjónusturáði Húsavíkurbæjar og er eign Norðurlands.

3. grein.

Tilgangur / markmið sjóðsins er að:

styrkja og veita íþróttafélögum í sveitarfélaginu viðurkenningu fyrir góðan árangur, drengilega keppni, drengilegt og öflugt íþrótt-, félags- og æskulýðsstarf. styrkja og veita viðurkenningar til einstakra afreksmanna á sviði íþróttar, sem keppa fyrir hönd íþróttafélaga í Norðurlandi, til að auðvelda þeim að stunda æfingar í sinni grein og ná árangri.

4. grein.

Allar umsóknir sem berast sjóðnum skulu sendar af viðkomandi íþróttafélagi / deild eða samtökum sem sækir um fyrir hönd íþróttamanns og skulu gerðar á þar til greind eyðublöð. Hver styrkumsókn skal vera undirrituð og henni skal fylgja greinargerð um áætlaðan kostnað og markmið.

5. grein.

Um styrki vegna íþróttahópa, liða eða félaga gilda eftirfarandi reglur:

Eftirtalin mót eru styrkhæf:

- Heimsmeistaramót
- Evrópumót
- Norðurlandamót
- Alþjóðleg mót

Einnig er heimilt að veita styrki til einstaklinga er valdir hafa verið í landslið.

6. grein.

Með stjórn sjóðsins fer Tímstunda- og æskulýðsnefnd Norðurlands. Tengist umsókn eða umsækjandi aðalmanni í nefndinni persónulega skal kalla til varamann.

7. grein.

Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt framlag sem bæjarstjórn Norðurlands ákveður við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig gjafafé sem og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.



8. grein

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi bæjar sjóðs Norðurlþings og Norðurlþing greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans.

9. grein.

Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita eins og Tómsunda- og æskulýðsnefnd ákveður hverju sinni.

Sérákvæði vegna umsókna:

Tilgreina skal,

- Nafn, heimili, síma og kennitölu umsækenda
- Félag og/eða undirskrift forráðamanns þess félags sem undirritaður keppir/starfar í ef einstaklingur er skráður umsækjandi.
- Ástæður styrkumsóknar, sundurliðaðan kostnað vegna t.d. ferðar og einnig upplýsingar um aðra fjármögnun.
- Tilgreina skal upphæð styrkumsóknar.
Verði ekki af umræddri ferð verður styrkur ekki greiddur.
- Styrkhæfir eru þeir viðburðir og/eða ferðir sem fram hafa farið á almanaksárinu.

Umsóknir skulu stílaðar á Afreks- og viðurkenningasjóð Norðurlþings, Tómsunda- og æskulýðsnefnd, Stjórnsýsluhúsinu Ketilsbraut 7 – 9, 640 Húsavík.



Samþykkt í fjölskyldu- og þjónusturáði 14. september 2005

Samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. september 2005

Breytt í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og þjónusturáðs Norðurlþings 3. júlí 2006.

Breytt í samræmi við samþykkt Tómsunda- og æskulýðsnefndar Norðurlþings 2. september 2014

Breytt í samræmi við samþykkt Tómsunda- og æskulýðsnefndar Norðurlþings 21. september 2015